



# Landbúnaðarmál

## Samþykkt fyrir landbúnaðarnefnd

### Umboð og hlutverk

#### 1. gr.

Landbúnaðarnefnd Vopnafjarðarhrepps er skipuð af sveitarstjórn og fer hún í umboði sveitarstjórnar með þau landbúnaðar- og jarðamál sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

#### 2. gr.

Landbúnaðarnefnd Vopnafjarðarhrepps er skipuð sjö fulltrúum og jafn mörgum til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

#### 3. gr.

Hlutverk landbúnaðarnefndar Vopnafjarðarhrepps er að fara með málefni landbúnaðar í sveitarfélaginu. Landbúnaðarnefnd sér um að lögum og reglugerðum um málefni landbúnaðar sé framfylgt þeirra sem er hlutverk sveitarstjórnar en ekki annarra að framfylgja. Einnig sér hún um landnýtingu á því sviði og skal vera ráðgefandi til sveitarstjórnar um þau mál.

#### 4. gr.

Landbúnaðarnefnd fer með málefni forðagæslu og búfjárefnirlits. Landbúnaðarnefnd fer með málefni afréttarmála. Einnig fjallar nefndin um eyðingu refa, minnka og vargfugls.

#### 5. gr.

Landbúnaðarnefnd sinnir að öðru leyti þeim verkefnum er sveitarstjórn felur henni eða nefndin telur að til bóta horfi í landbúnaðar- og landnýtingarmálum. Nefndin skal kosta kapps um að hafa samstarf við heilbrigðiseftirlit og þá aðila sem stuðla vilja að umbótum í þessum málaflokkum í sveitarfélaginu.

#### 6. gr.

Landbúnaðarnefnd skal fjalla um legu reiðstíga og gera tillögur að forgangsroðun þeirra.



## 7. gr.

Ákvarðanir landbúnaðarnefndar Vopnafjarðarhrepps taka formlega gildi við staðfestingu sveitarstjórnar.

## Fundir og starfshættir

### 8. gr.

Formaður nefndarinnar boðar fundi hennar. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í nefndinni æskir þess.

### 9. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a. m. k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins.

### 10. gr.

Landbúnaðarnefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

### 11. gr.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið.

## Markmið og verkaskipting

### 12. gr.

Markmið nefndarinnar er að stuðla að möguleika á blómlegum landbúnaði innan Vopnafjarðar ásamt tækifærum fyrir þá sem vilja stunda húsdýrahald sem tómstundagaman, svo sem hestamennsku.

### 13. gr.

Sjálfbær landnýting skal ávallt höfð að markmiði þannig að ekki sé gengið á auðlindir landsins eða því spillt fyrir skammtíma hagsmuni. Stuðlað skal að því að íbúar Vopnafjarðar fái allir sömu möguleika til nýtingar landssvæða sem eru í eigu sveitarfélagsins þannig að jafnræði ríki meðal þeirra á því sviði.



## **14. gr.**

Starfsmaður sveitarfélagsins sér um útreikning fjallskilagjalda fyrir nefndina og sömuleiðis sér hann um forðagæslu eða ræður fólk til þeirra starfa. Hann annast gerð leigusamninga um lönd í eigu sveitarfélagsins eftir umfjöllun um slíka útleigu í landbúnaðarnefnd.

## **15. gr.**

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

---

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2010.